


STUTT RISTILSPEGLUN



Unnið af AJ í okt. 1988.
Endursk. í febr. 2012/GG/TV
Síðast yfirfarið 2022/TV.
SHA/rmbæk11

HVE Akranesi
Sími 432 1000
www.hve.is

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000
www.hve.is

Stutt ristilspeglun

Hvað er rannsakað ?

Endaparmur og neðri hluti ristils, um það bil 30 - 50 cm upp.

Hver er undirbúningur ?

Úthreinsun er með leysandi vökva úr túpu, Klyx (fæst í apoteki), sem þú setur í endaþarm, eina túpu kvöldið áður og seinni túpuna u.þ.b. 1 ½ klst. fyrir komu.

Ef þú tekur blóðþynningarlyf þarft þú að láta lækinn sem gerir skoðunina vita. Taktu með þér lyfjakort eða lyfseðla.

Hvernig fer rannsóknin fram?

Þú liggur á vinstri hlið og kreppir bæði hné og mjaðmir.

Skoðunin er framkvæmd með sveigjanlegri slöngu sem er þrædd upp ristilinn. Hægt er að taka vefjasýni og sepa án sársauka. Skoðunin tekur u.þ.b. 10 mín.

Er þetta sárt ?

Yfirleitt ekki, en rannsóknin getur þó valdið vægum kveisukenndum verkjum í kvið vegna lofts sem dælt er inn í ristilinn til að auðvelda yfirsýn.

Hvað sýndi skoðunin ?

Þú færð upplýsingar strax að skoðun lokinni. Hafi vefjasýni verið tekin þarf að bíða í um það bil viku eftir niðurstöðu.

Hvar er skoðunin gerð ?

Skoðunin er gerð á speglunardeild á 1. hæð HVE Akranesi.

Þurfir þú frekari upplýsingar eða að breyta tímasetningu getur þú haft samband við speglunardeild í síma 432 1040.

Þú átt tíma í ristilspeglun:

_____daginn

kl. _____

*Með kveðju,
starfsfólk speglunardeildar HVE Akranesi*